



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2021



vísir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 10.289 millj. kr. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 348 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 28.351 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2021 nam 8.084 millj. kr. Þar af nam hlutafé 2.964 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2021 var 28,51%.

Viðsnúningur hefur orðið í auglýsingatekjum á fyrri helmingi ársins 2021 samanborið við sama tímabil árið áður. Áhrifa COVID-19 faraldursins á rekstur og sjóðstreymi samstæðunnar á fyrsta helmingi ársins hefur helst gætt í samdrætti í tekjum af reiki og í tekjum hjá dótturfélaginu Endor. Samstæðan er með hluta af sínum kostnaði í erlendri mynt. Breyting á gengi krónunnar hefur því haft talsverð áhrif til hækkunar á kostnaði frá því að heimsfaraldurinn byrjaði og eru áhrif þess mest á kostnaðarverð sýningarétta sem endurspeglast í hærri afskriftum í rekstrarreikningi og kostnaði í erlendri mynt sem tengist fjarskiptastarfsemi félagsins. Stjórnendur hafa gripið til ýmissa hagræðingaaðgerða til að lágmarka þessi áhrif á rekstur og sjóðstreymi félagsins en miðað við þá óvissu sem enn fylgir faraldrinum er erfitt að meta að fullu hver áhrifin verða til skemmri og lengri tíma.

Þann 31. mars var skrifað undir samninga um sölu á óvirkum farsímavörum félagsins. Viðskiptin munu styrkja efnahagsreikning félagsins. Umsamið söluverð er um 7,1 milljarður og nemur væntur söluhagnaður yfir 6,5 milljörðum króna. Samhliða var gerður langtímaleigusamningur, sem tryggja mun áframhaldandi aðgang félagsins að hinum óvirku farsímavörum. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu Sýnar hf. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) verður farið með viðskiptin sem sölu og endurleigu á eignum. Af þeirri ástæðu verður aðeins hluti af söluhagnaðinum færður í gegnum rekstur á söludegi. Söluhagnaðurinn mun hlutfallast miðað við hlutfall gangvirðis hinna selduigna og núvirðis væntrar leiguskuldbindingar á kaupdegi. Viðskiptin eru háð samþykki eftirlitsstofnanna og verða áhrif þeirra færð í reikningsskil félagsins þegar það liggur fyrir.

Þann 31. mars var einnig undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19. Söluverðið var 52,5 millj. DKK. Kaupverðið var greitt 21. apríl til félagsins. Áfram verður til staðar þjónustusamningur á milli félaganna. Bókfært verð hlutarins var hærra en söluverð og því er tap af sölnni gjaldfært á fyrsta fjórðungi og fært meðal áhrifa hlutdeildarféлага í rekstri. Söluandvirðinu var ráðstafað inná lán félagsins. Sjá nánar í skýringu 10.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2021 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. september 2021

Í Stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Páll Gíslason

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Tanya Zharov

Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2021 2F	2020 2F	2021 6M	2020 6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.289	5.387	10.289	10.418
Rekstrarhagnaður (tap)	(58)	64	(16)	43
Tap fyrir tekjuskatt	(155)	(90)	(399)	(532)
Tap tímabilsins	(117)	(60)	(348)	(410)
Tap á hlut	(0,42)	(0,21)	(1,32)	(1,38)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	360	257	592	520
Fjárfestingar í sýningarrétti	541	600	1.117	1.075
Handbært fé frá rekstri	1.431	1.744	1.975	2.799
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	1.488	1.364	2.876	2.719
EBITDA hlutfall tímabilsins	28,1%	25,3%	28,0%	26,1%
Frjálst fjárflæði (FCF)*	1.736	1.073	1.611	1.597
	30.06. 2021	31.03. 2021	31.12. 2020	30.06. 2020
Hreinar vaxtaberandi skuldir	14.115	15.686	15.419	16.604

*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Sýnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuárshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34 eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 1. september 2021

Deloitte ehf.

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2021

	Skýr	2021 2F*	2020 2F*, **	2021 6M	2020 6M**
Seldar vörur og þjónusta	6	5.289	5.387	10.289	10.418
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	7	(3.759)	(3.752)	(7.134)	(7.138)
Framlegð		1.530	1.635	3.155	3.280
Rekstrarkostnaður	8	(1.588)	(1.571)	(3.171)	(3.237)
Rekstrarhagnaður / (tap)		(58)	64	(16)	43
Fjármunatekjur		6	6	11	14
Fjármagnsgjöld		(145)	(176)	(289)	(395)
Gengismunur		22	(12)	68	(242)
Hrein fjármagnsgjöld		(117)	(182)	(210)	(623)
Áhrif hlutdeildarféлага		20	28	(173)	48
Tap fyrir tekjuskatt		(155)	(90)	(399)	(532)
Tekjuskattur		38	30	51	122
Tap tímabilsins		(117)	(60)	(348)	(410)
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		(7)	(1)	(44)	(3)
Heildarafkoma tímabilsins		(124)	(61)	(392)	(413)
Tap á hlut		(0,42)	(0,21)	(1,32)	(1,38)

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

**Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá frekar í skýringu 5.

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

30. júní 2021

	Skýr.	30.6.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Leigugeignir		4.651	5.227
Rekstrarfjármunir		3.485	3.818
Viðskiptavild		8.883	8.932
Aðrar óefnislegar eignir		4.456	4.403
Eignahlutir í félögum	10	121	1.398
Tekjuskattsinneign		427	383
Fastafjármunir samtals		22.023	24.161
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.690	1.876
Birgðir		280	241
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11	3.420	3.217
Handbært fé		402	831
Veltufjármunir samtals		5.792	6.165
Eignir flokkaðar til sölu	13	536	536
Eignir samtals		28.351	30.862
Eigið fé			
Hlutafé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutafjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		139	310
Óráðstafað eigið fé		2.516	2.810
Eigið fé		8.084	8.549
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		8.632	9.492
Leiguskuldbindingar		4.237	4.507
Aðrar langtímaskuldir		166	166
Tekjuskattsskuldbinding		-	16
Langtímaskuldir samtals		13.035	14.181
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		689	992
Leiguskuldbindingar		959	1.259
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	5.415	5.699
Skammtímaskuldir samtals		7.063	7.950
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu	13	169	182
Skuldir samtals		20.267	22.131
Eigið fé og skuldir samtals		28.351	30.862

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2021

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Annað eigið fé Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
1.1. til 30.6.2020						
Eigið fé 1.1.2020	2.964	2.465	7	105	3.257	8.798
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(410)	(410)
Þýðingarmunur	-	-	(3)	-	-	(3)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(3)	0	(410)	(413)
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	51	(51)	0
Eigið fé 30.6.2020	2.964	2.465	4	156	2.796	8.385
1.1. til 30.6.2021						
Eigið fé 1.1.2021	2.964	2.465	163	147	2.810	8.549
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(348)	(348)
Þýðingarmunur	-	-	(44)	-	-	(44)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(44)	0	(348)	(392)
Þýðingarmunur færður út vegna sölu	-	-	(73)	-	-	(73)
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	(54)	54	0
Eigið fé 30.6.2021	2.964	2.465	46	93	2.516	8.084

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2021

	Skýr.	2021 2F	2020 2F	2021 6M	2020 6M
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		(117)	(60)	(348)	(410)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	9	1.546	1.300	2.892	2.676
Hrein fjármagnsgjöld		117	182	210	623
Áhrif hlutdeildarféлага		(20)	(28)	173	(48)
Tekjuskattur		(38)	(30)	(51)	(122)
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.488	1.364	2.875	2.719
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, breyting		7	58	(41)	83
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(161)	(163)	(238)	(169)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		239	671	(343)	559
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.572	1.930	2.254	3.192
Innborgaðar vaxtatekjur		5	6	10	14
Greidd vaxtagjöld		(146)	(192)	(289)	(407)
Handbært fé frá rekstri		1.431	1.744	1.975	2.799
Fjárfestingahreyfingar					
Sala eignarhluta	10	1.065	-	1.065	-
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(52)	(157)	(171)	(264)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(308)	(100)	(421)	(256)
Fjárfesting í sýningarrétti		(541)	(600)	(1.117)	(1.075)
Fjárfestingahreyfingar		164	(857)	(643)	(1.595)
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir langtímalána	10	(668)	(171)	(839)	(341)
Rekstrarlán		(475)	(296)	(325)	(443)
Afborgun leiguskuldbindinga		(285)	(288)	(584)	(561)
Afborganir annarra langtímaskulda		-	(100)	-	(100)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.428)	(855)	(1.748)	(1.445)
Breyting á handbæru fé		167	32	(416)	(241)
Handbært fé í byrjun tímabils		240	385	831	634
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga á handbært fé		(5)	(7)	(13)	17
Handbært fé í lok tímabilsins		402	410	402	410

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Vísir, Bylgjan, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árslutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 hefur að geyma árslutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árslutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. júní 2021 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2020. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangivirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

5. Breyting á samanburðartölum

Breyting var gerð á flokkun þjónustugjalda tengdum auglýsingatekjum. Þjónustugjöldin voru áður jöfnuð á móti tekjum en hafa nú verið endurflokkuð yfir í kostnaðarverð seldra vara og þjónustu. Fjárhæðum vegna 2020 hefur verið breytt til samræmis. Sjá nánar í skýringu hér að neðan:

	Endurgert			Endurgert		
	2020 2F	Breyting	2020 2F	2020 6M	Breyting	2020 6M
Seldar vörur og þjónusta	5.387	35	5.352	10.418	71	10.347
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.752)	(35)	(3.717)	(7.138)	(71)	(7.067)

6. Seldar vörur og þjónusta

	2021	2020	2021	2020
	2F	2F	6M	6M
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:				
Vörusala	311	240	604	476
Seld þjónusta	4.978	5.147	9.685	9.943
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.289	5.387	10.289	10.418

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
1.1. til 30.6.2021								
Tekjur	4.070	2.261	2.000	274	665	604	415	10.289
1.1. til 30.6.2020								
Tekjur	3.845	2.308	1.745	322	1.315	476	407	10.418

Skýringar, frh.:

7. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2021 2F	2020 2F	2021 6M	2020 6M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	1.963	2.239	3.743	4.041
Laun og launatengd gjöld	562	566	1.136	1.141
Eignfærð laun	(25)	(36)	(62)	(80)
Afskriftir	1.260	983	2.317	2.036
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.759	3.752	7.134	7.138

8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2021 2F	2020 2F	2021 6M	2020 6M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	326	331	682	637
Sölu- og markaðskostnaður	127	107	245	211
Laun og launatengd gjöld	904	848	1.769	1.814
Eignfærð laun	(55)	(32)	(99)	(65)
Afskriftir	286	317	575	640
Rekstrarkostnaður samtals	1.588	1.571	3.171	3.237

9. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2021 2F	2020 2F	2021 6M	2020 6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	251	301	508	607
Afskriftir óefnislegra eigna	181	194	362	393
Afskriftir afnotaréttar	285	290	569	580
Afskriftir sýningarréttar	829	515	1.453	1.096
Afskriftir samtals	1.546	1.300	2.892	2.676

10. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Bókfært verð 1.1.	1.375	1.360
Seldur eignarhlutur	(1.283)	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	6	98
Þýðingarmunur	-	61
Mótttekinn arður	-	(144)
Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum samtals	98	1.375
Eignarhlutir í öðrum félögum	23	23
Bókfært verð eignarhluta í félögum samtals	121	1.398

Þann 31. mars var undirritaður samningur um sölu á 49,9% hlut í færeyska hlutdeildarfélaginu P/F 20.11.19 (áður Hey). Söluverðið var 52,5 millj. DKK. Söluverðið var greitt 21. apríl til félagsins. Áfram verður til staðar þjónustusamningur á milli félaganna. Bókfært verð hlutarins var hærra en söluverð og því er tap af sölnni að fjárhæð 179 millj. kr. gjaldfært á fyrsta fjórðungi. Hluta af söluandvirðinu var ráðstafað inn á lán félagsins (500 millj. kr.) og hluta inn á lánaðinu félagsins.

Skýringar, frh.:

11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	2.901	2.823
Aðrar skammtímakröfur	471	347
Leigukröfur	169	166
Leigukröfur flokkaðar til sölu færðar út	(20)	(20)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(100)	(99)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.420	3.217

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir	3.856	3.599
Ógreiddur virðisaukaskattur	305	345
Fyrirfram innheimtar tekjur	412	360
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	843	1.395
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.415	5.699

13. Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:

Eignir flokkaðar til sölu greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Leigueignir	144	144
Leigukröfur	20	20
Rekstrarfjármunir	372	372
Eignir flokkaðar til sölu samtals	536	536

Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Langtíma leiguskuldbindingar	31	44
Skammtíma leiguskuldbindingar	138	138
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu samtals	169	182

14. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu atvikum sem tengjast málarekstri á reikningstímabilinu og eftir lok þess. Að öðru leyti vísast um ágreiningsmál til ársreiknings félagsins vegna ársins 2020.

Sýn hf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Sýn hf. hefur áfrýjað ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um samþykki ríkisaðstoðar til handa Farice til EFTA dómstólsins. Ákvörðunin er til þess fallinn að styrkja einokunarstöðu Farice sem er í eigu ríkisins á markaði fyrir alþjóðlegar gagnatengingar. Sýn hf. byggir á að rannsókn ESA og mat á skilyrðum ríkisaðstoðar hafi verið haldin alvarlegum ágöllum. Fallist dómstóllinn á ógildingu ákvörðunarinnar, verður ESA skylt að taka skilyrði ríkisaðstoðarinnar og áhrifa hennar á markaðinn til endurskoðunar. Í því samhengi skal tekið fram að Sýn hf. hefur síðustu misseri unnið að undirbúningi að lagningu á sæstreng í samvinnu við Vodafone Group og árangurslaust leitað liðsinnis íslenskra stjórnvalda, svo sem um gagnkvæma afhendingu á varasamböndum.

Á þessum tímavarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding verið færð í árshlutareikninginn.

Ársfjórðungsýfirlit

	2020 1F	2020 2F	2020 3F	2020 4F	2021 1F	2021 2F
Seldar vörur og þjónusta	5.030	5.387	5.062	5.464	5.000	5.289
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.385)	(3.752)	(3.435)	(3.863)	(3.375)	(3.759)
Framlegð	1.645	1.635	1.627	1.601	1.625	1.530
Rekstrarkostnaður	(1.666)	(1.571)	(1.485)	(1.625)	(1.583)	(1.588)
Rekstrarhagnaður (tap)	(21)	64	142	(24)	42	(58)
Fjármunatekjur	8	6	6	3	5	6
Fjármagnsgjöld	(219)	(176)	(158)	(175)	(144)	(145)
Gengismunur	(230)	(12)	(17)	54	46	22
Hrein fjármagnsgjöld	(441)	(182)	(169)	(118)	(93)	(117)
Áhrif hlutdeildarféлага	20	28	23	27	(193)	20
Tekjuskattur	92	30	12	112	13	38
Hagnaður (tap) tímabilsins	(350)	(60)	8	(3)	(231)	(117)
Þýðingarmunur vegna erlends dótturf.	(2)	(1)	(1)	160	(37)	(7)
Heildarafkoma tímabilsins	(352)	(61)	7	157	(268)	(124)
EBITDA	1.355	1.364	1.593	1.427	1.388	1.488
EBITDA %	26,9%	25,3%	31,5%	26,1%	27,8%	28,1%

*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum